

Auka aðalfundur

13.9.2018

20:00

Vallarhús við íþróttavelli

Mætt úr stjórn: Lilja Friðriksdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Jóna Björk Gunnarsdóttir og Jónas Halldór Friðriksson, framkvæmdastjóri.

Aðrir fundarmenn: Egill Olgeirsson, Víðir Svansson, Iris Waitz, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Friðrika Baldvinsdóttir og Haukur Eiðsson.

Fundarstjóri: Jónas Halldór Friðriksson

Fundarritari: Jóna Björk Gunnarsdóttir

Í lögum íþróttafélagsins kemur fram í 8. grein; „Aðalfund skal boða rækilega og er hann lögmætur sé til hans boðað með minnst einnar viku fyrirvara.“

Fundurinn var auglýstir á heima- og fésbókarsíðu íþróttafélagsins Völsungs fimmtudaginn 6. september og telst hann því löglegur samkvæmt lögum félagsins.

1. Kosning formanns Aðalstjórnar Völsungs

Á Aðalfundi íþróttafélagsins Völsungs sem haldinn var 28. júní 2018 var samþykkt að fresta kosningu formanns til 13. september 2018. Í lögum félagsins stendur í 13. grein:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm fulltrúum, formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Stjórnarkjóri skal haga þannig að formaður er fyrst kosinn sérstaklega og síðan aðrir stjórnarmenn félagsins. Stjórn tilnefni varaformann úr sínum röðum. Kjósa skal tvo fulltrúa sem varamenn í stjórn félagsins...“

Enginn félagsmaður hefur boðið sig fram til formennsku í íþróttafélaginu Völsungi og enginn kom fram á fundinum.

Fyrir fundinum liggur tillaga frá Aðalstjórn Völsungs með breytingum frá Helenu Eydísi Ingólfssdóttur og er hún svo hljóðandi:

„Þar sem enginn hefur boðið sig fram til formennsku í íþróttafélaginu Völsungi leggur Aðalstjórn til að hún fái umboð fundarins til að finna sér formann. Framkvæmdastjóri sinni störfum formanns þar til Aðalstjórn Völsungs skipar sér varaformann. Því skuli lokið fyrir 1. október 2018.“

Tillagan rædd og staðan útskýrð fyrir fundargestum.

Lagt fyrir fundinn. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Óskað eftir því að Guðrún formaður klári þau mál sem eru í gangi í knattspyrnudeild, sem formaður knattspyrnudeildar. Guðrún samþykkir.

Fundurinn samþykkir með öllum greiddum atkvæðum og veitir aðalstjórn umboð til að finna sér formann

Guðrún Kristinsdóttir, fráfaramandi formaður Völsungs, ávarpar fundargesti.

Fundi slitið: 20:30